



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Frá: Indridi Björnsson <indridi@efnalausnir.is>

Sent: 06 March 2026 08:10

Til: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>

Efni: Kæra vegna tafa vegna Grenndarkynningar á L63

Góðan daginn,

Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. 06.03.2026

Kærður er óhæfilegur dráttur á að Reykjavíkurborg komi með niðurstöðu og afgreiðslu máls vegna grenndarkynningar á Laugarásvegi 63. Laugarásvegur 63 - USK24090041.

[Skipulagsgáttin](#)

Þess er krafist að Reykjavíkurborg komi án frekari tafa með niðurstöðu og afgreiðslu máls vegna grenndarkynningarinnar.

Nú eru liðið tæpt hálf ár frá því að ég sendi inn 11 númeraðar athugasemdir í grenndarkynninguna.

Það gekk ekki þrautarlaust að fá grenndarkynninguna í gegn því Reykjavíkurborg ætlaði alfarið að sleppa henni. Eftir kæru mína til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála kom úrskurður þann 27 febrúar 2025 um að Reykjavíkurborg bæri að grenndarkynna fyrir okkur á Laugarásvegi 61 vegna þess að við höfum lögvarða hagsmuni en samt gerðist ekkert svo mánuðum skipti. Það var ekki fyrir en ég leitaði formlega til Umboðsmanns Alþingis eftir aðstoð að byggingarfulltrúi fór loks af stað með grenndarkynninguna í júlí. Ég skilaði inn 11 athugasemdum í ágúst en ekkert var um svör næstu mánuði svo ég kærði þann 19.11.2025 óhæfilega drátt á málinu til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. Sú kæra hreyfði aftur við skipulagsyfirlögdum sem svaraði athugasemdum mínum í desember og því var kærán afturkölluð. Nú er enn eina ferðina það sama upp á teningnum að lítið er að gerast og ég neyðist til að kæra aftur drátt á afgreiðslu máls.

Ég gerði fyrst athugasemdir til byggingarfulltrúa í júlí 2023 vegna óleyfisframkvæmdanna og marg oft síðan. Þessi tími og orka sem fer í að reyna

að fá skipulagsyfirvöld í Reykjavík til að framkvæma lögbundna starfsskyldu sína eru mjög íþyngjandi fyrir okkur á Laugarásvegi 61 svo ekki sé meira sagt.

Ég tel að Reykjavíkurborg sé ítrekað að brjóta 9 gr. stjórnslulaga um málshraða. Eftirtaldir sex úrskurðir ÚUA hafa nú þegar fallið vegna óleyfisframkvæmdanna á Laugarásvegi 63.

Úrskurður númer – ártal – málsnúmer:

30 – 2025. 161/2024

9 – 2025. 160/2024

129 – 2024. 117/2024

68 – 2024. 54/2024

63 – 2024. 31/2024

61 – 2024. 54/2024

Meðfylgjandi með kærinni eru fimm viðhengi; Kæran undirrituð, Kynning og svör, Umsagnir, Tilkygning, Tölvupóstsamskipti við Umhverfis og skipulagssvið frá því að ég skilaði inn athugasemdum vegna grenndarkynningarinnar,

Virðingarfyllst,

Indriði Björnsson,

Laugarásvegi 61.

Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. 06.03.2026

Kærður er óhæfilegur dráttur á að Reykjavíkurborg komi með niðurstöðu og afgreiðslu máls vegna grenndarkynningar á Laugarásvegi 63. **Laugarásvegur 63 - USK24090041. Skipulagsgáttin.**

Þess er krafist að Reykjavíkurborg komi án frekari tafa með niðurstöðu og afgreiðslu máls vegna grenndarkynningarinnar.

Nú eru liðið tæpt hálf ár frá því að ég sendi inn 11 númeraðar athugasemdir í grenndarkynninguna.

Það gekk ekki þrautarlaust að fá grenndarkynninguna í gegn því Reykjavíkurborg ætlaði alfarið að sleppa henni. Eftir kæru mína til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála kom úrskurður þann 27 febrúar 2025 um að Reykjavíkurborg bæri að grenndarkynna fyrir okkur á Laugarásvegi 61 vegna þess að við höfum lögvarða hagsmuni en samt gerðist ekkert svo mánuðum skipti. Það var ekki fyrr en ég leitaði formlega til Umboðsmanns Alþingis eftir aðstoð að byggingarfulltrúi fór loks af stað með grenndarkynninguna í júlí. Ég skilaði inn 11 athugasemdum í ágúst en ekkert var um svör næstu mánuði svo ég kærði þann 19.11.2025 óhæfilega drátt á málinu til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. Sú kæra hreyfði aftur við skipulagsyfirvöldum sem svaraði athugasemdum mínum í desember og því var kæran afturkölluð. Nú er enn eina ferðina það sama upp á teningnum að lítið er að gerast og ég neyðist til að kæra aftur drátt á afgreiðslu máls.

Ég gerði fyrst athugasemdir til Byggingarfulltrúa í júlí 2023 vegna óleyfisframkvæmdanna og marg oft síðan. Þessi tími og orka sem fer í að reyna að fá skipulagsyfirvöld í Reykjavík til að framkvæma lögbunda starfsskyldu sína eru mjög íþyngjandi fyrir okkur á Laugarásvegi 61 svo ekki sé meira sagt.

Ég tel að Reykjavíkurborg sé ítrekað að brjóta 9 gr. stjórnarsýslulaga um málshraða. Eftirtaldir sex úrskurðir ÚUA hafa nú þegar fallið vegna óleyfisframkvæmdanna á Laugarásvegi 63.

Úrskurður númer – ártal – málnúmer:


30 – 2025. 161/2024, 9 – 2025. 160/2024, 129 – 2024. 117/2024

68 – 2024. 54/2024, 63 – 2024. 31/2024, 61 – 2024. 54/2024

Meðfylgjandi kærinni eru tölvupóstsamskipti við Umhverfis og skipulagssvið frá því að ég skilaði inn athugasemdum vegna grenndarkynningarinnar. Auk þess eru svör frá umhverfis og skipulagsráði við mínum 11 athugasemdum send með tölvupósti til ÚUA.

Virðingarfyllst,

Indriði Björnsson, Laugarásvegi 61.





Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2026
USK26030127

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. UUA2603003, kæra Indriða Björnssonar, Laugarásvegi 61, dags. 6. mars 2026.
Í framangreindri kæru er kærður dráttur á afgreiðslu máls er varðar grenndarkynningu á Laugarásvegi 63.

Málavextir

Í málinu liggur fyrir byggingarleyfisumsókn fyrir áður gerðum stoðvegg á lóðarmörkum að lóð nr. 59, pergólu og steypum heitum potti á steyptri verönd við einbýlishús á lóð nr. 63 við Laugarásveg.

Þann 18. mars 2025 var málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa sem samþykkti þann 10. apríl 2025 að grenndarkynna umsóknina fyrir hagsmunaaðilum að Laugarásvegi 61.

Grenndarkynning fór fram 29. júlí til og með 27. ágúst 2025. Athugasemdir bárust frá kæranda og var þeim svarað með umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. desember s.l.

Niðurstaða umsagnar að lokinni grenndarkynningu var eftirfarandi:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að byggingarleyfi sé útgefið fyrir umræddri framkvæmd en þó þarf að gera óverulegar breytingar á uppdráttum til þess. Leiðréttu þarf staðsetningu stoðveggjar í samræmi við raunverulega staðsetningu hans sem og fjarlægja bílastæði af uppdrættinum þar sem grenndarkynnt byggingarleyfi tekur ekki til þeirra.¹

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur tók málið fyrir á fundi þann 10. desember 2025:

[...] Samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. desember 2025, með vísan til a. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs²

Grenndarkynningu umsóknarinnar um áður gerðar framkvæmdir að Laugarásvegi 63 er því lokið og hefur umsóknin nú verið send aftur til meðferðar hjá byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi tók málið fyrir á fundi þann 13. janúar s.l. og frestaði afgreiðslu³ meðan beið er nýrra teikninga en þær hafa ekki enn borist embættinu.

¹ Fylgiskjal 1, bls. 15

² Fylgiskjal 2, liður nr. 4

³ Fylgiskjal 3, liður nr. 33



Reykjavík



Afstaða Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg lítur svo á að kærður sé dráttur á afgreiðslu máls eftir grenndarkynningu en líkt og að framan er rakið þá er grenndarkynningu lokið vegna umsóknar sem enn er til meðferðar meðan beðið er nýrra teikninga frá umsækjanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Engin kæránleg ákvörðun liggur fyrir í málinu sem borið verður undir nefndina og telur Reykjavíkurborg því rétt að vísa kröfu kæranda frá að þessu leyti.

Samkvæmt 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 skal stjórnvald taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem unnt er. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að ef afgreiðsla máls dregst óhæfilega sé heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Kæruheimild þessi er undantekning frá meginreglu 2. mgr. 26. gr. sömu laga um að ekki sé hægt að kæra ákvarðanir sem ekki binda endi á mál fyrir en það hefur verið til lykta leitt. Líkt og nefndin hefur áður fjallað um í máli nr. 122/2013 getur einungis aðili máls borið fram slíka kæru og yrði því einnig að vísa kröfu kæranda frá á þeim forsendum enda er hann ekki aðili að málinu þó hann njóti kæruréttar vegna ákvörðunar sem síðar kann að liggja fyrir.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds telur Reykjavíkurborg rétt að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda og vísi málinu frá. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís Karlsdóttir Bergmann
*Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl:

1. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. desember 2025, svör við athugasemdum vegna grenndarkynningar
2. Fundargerð 364. fundar umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur frá 10. desember 2025
3. Fundargerð 1239. afgreiðslufundar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 13. janúar 2026.



Reykjavík

Árið 2026, þriðjudaginn 28. apríl, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. UUA2603003, kæra vegna dráttar á afgreiðslu byggingarfulltrúans í Reykjavík á byggingarleyfisumsókn vegna framkvæmda að Laugarásvegi 63.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

1. Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. mars 2026, er barst nefndinni sama dag, kærir Indriði Björnsson, Laugarásvegi 61, drátt á afgreiðslu byggingarfulltrúans í Reykjavík á byggingarleyfisumsókn vegna framkvæmda að Laugarásvegi 63. Skilja verður málatilbúnað kæranda svo að kærður sé óhæfilegur dráttur á afgreiðslu máls, sbr. 4. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, og að þess sé krafist að lagt verði fyrir Reykjavíkurborg að afgreiða málið án frekari tafa.
2. Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 10. mars 2026.

Málavextir

3. Að því ráða má af málgögnum hefur ágreiningur verið milli lóðarhafa lóða nr. 61 og 63 við Laugarásveg í Reykjavík vegna óleyfisframkvæmda á síðarnefndu lóðinni sem fólust í gerð steypis stoðveggjar á norðurmörkum lóðarinnar og byggingu verandar með heitum potti. Með úrskurði úrskurðarnefndarinnar frá 30. maí 2024 í máli nr. 31/2024 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að framkvæmdir þessar væru byggingarleyfisskyldar. Framkvæmdaraðili öðlaðist byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum 19. nóvember 2024. Leyfið var kært til úrskurðarnefndarinnar sem felldi það úr gildi með úrskurði frá 27. febrúar 2025 í máli nr. 161/2024 þar sem skylt hefði verið að grenndarkynna framkvæmdina sbr. 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
4. Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 18. mars 2025 var tekin fyrir byggingarleyfisumsókn lóðarhafa Laugarásvegar 63 vegna hinna umdeildu framkvæmda. Var málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar og á afgreiðslufundi síðarnefnda embættisins 10. apríl s.á. var samþykkt að grenndarkynna umsóknina. Hinn 29. júlí s.á. var erindið grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum og veittur umsagnarfræstur til 27. ágúst s.á. Athugasemdum sem bárust við grenndarkynningu var svarað með umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. desember s.á.
5. Umsókn um byggingarleyfi var lögð fram á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 13. janúar 2026 þar sem afgreiðslu málsins var frestað.

Málsrök kæranda

6. Kærandi kveðst hafa skilað inn 11 athugasemdum við grenndarkynningu vegna byggingarleyfis í ágúst 2025 en þeim hafi ekki verið svarað í tvo mánuði. Hann hafi kært óhæfilegan drátt í málinu til úrskurðarnefndarinnar 19. nóvember 2025 en hafi svo afturkallað kærana í desember s.á. eftir að skipulagsyfírvöld höfðu svarað athugasemdum hans. Nú sé enn hið sama

uppi á teningnum og lítið sé að gerast í málinu en fyrst hafi verið gerðar athugasemdir vegna óleyfisframkvæmda í júlí 2023. Málsmeðferðin fái ekki samrýmst 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 um málskraða.

Málsrök Reykjavíkurborgar

7. Af hálfu Reykjavíkurborgar er tekið fram að lítið sé á að kærður sé dráttur á afgreiðslu umsóknar um byggingarleyfi. Grenndarkynningu sé lokið en umsóknin sé enn til meðferðar á meðan beðið sé eftir nýjum teikningum frá umsækjanda. Kæruheimild vegna dráttar á málsmeðferð skv. 4. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 sé bundin við aðila máls og verði að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni, þar sem kærandi sé ekki aðili að málinu þótt hann njóti kæruréttar vegna ákvörðunar sem síðar kunni að liggja fyrir.

Viðbótarathugasemdir kæranda

8. Kærandi tekur fram að hann furði sig á því hvers vegna óverulegum breytingum á uppdráttum sé ekki lokið. Ekkert annað virðist vanta upp á svo byggingarleyfi verði gefið út. Kærandi hafi gert athugasemdir við grenndarkynningu 18. ágúst 2025. Auk þess hafi allar staðreyndir málsins legið fyrir frá árinu 2023. Ítrekuð sé sú krafa að borgaryfirvöld taki ákvörðun um byggingarleyfi án frekari tafa.

Niðurstaða

9. Í máli þessu er deilt um málsmeðferð byggingarfulltrúans í Reykjavík á umsókn um byggingarleyfi á lóð Laugarásvegur 63, en skv. 4. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er unnt að kæra óhæfilegan drátt á afgreiðslu máls til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Af fyrimælum 9. gr. stjórnisýslulaga verður ekki ráðið að útilokað sé að aðrir en umsækjendur um opinber leyfi geti borið undir kærustjórnvald hvort til sé að dreifa óhæfilegum drætti á afgreiðslu máls, enda teljist viðkomandi aðili að máli um slíka leyfisveitingu. Kærandi hefur verið álitinn aðili að kærumálum fyrir úrskurðarnefndinni sem varðað hafa framkvæmdirnar á lóð Laugarásvegur 63 og verður einnig talinn aðili að umsókn um byggingarleyfi fyrir þeim. Er því ekki tilefni til að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.
10. Hin umþrætta byggingarleyfisumsókn varðar framkvæmdir á lóð sem staðsett er á svæði þar sem ekki er í gildi deiliskipulag. Við slíkar aðstæður er heimilt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að veita byggingarleyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag, landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu. Var umsóknin grenndarkynnt 29. júlí 2025 og athugasemdafrestur veittur til 27. ágúst s.á. Þá lá umsögn skipulagsfulltrúa fyrir 2. desember 2025 þar sem tekin var afstaða til þeirra athugasemda sem bárust á kynningartímanum. Var umsóknin samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 10. desember 2025 með þeim breytingum sem fram komu í umsögn skipulagsfulltrúa. Fyrir liggur að umsóknin hefur ekki hlotið afgreiðslu byggingarfulltrúa, en samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg stafar sá dráttur af því að beðið er eftir uppfærðum uppdráttum frá framkvæmdaraðila í samræmi við niðurstöðu grenndarkynningar.
11. Við úrlausn á því hvort um óhæfilegan drátt á afgreiðslu máls sé að ræða er til þess að líta að framkvæmdaraðili hefur forræði á leyfisumsókn sinni. Þegar um er að ræða byggingarleyfisumsókn sem sætir grenndarkynningu setja skipulagslög afgreiðslutíma umsóknarinnar mörk, sbr. 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga sem kveður á um að ef byggingarleyfi á grundvelli grenndarkynningar er ekki gefið út innan árs frá afgreiðslu sveitarstjórnar skal grenndarkynning fara fram að nýju áður en leyfi er veitt. Ákvæðinu var bætt inn í skipulagslög með breytingarlögum nr. 59/2014, en í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögnum

kom m.a. fram að með tillögunni væri verið að koma í veg fyrir að byggingarleyfi væri veitt löngu eftir að afgreiðsla sveitarstjórnar hafi farið fram. Eðli málsins samkvæmt geti þær forsendur sem afgreiðslan byggðist á breyst ef langur tími líði frá grenndarkynningu til útgáfu leyfis. Að teknu tilliti til þess ákvæðis og með hliðsjón af atvikum málsins verður ekki séð að óhæfilegur dráttur hafi orðið á afgreiðslu byggingarleyfisumsóknar framkvæmdaraðila.

Úrskurðarorð

Hafnað er kröfu kæranda um að leggja fyrir byggingarfulltrúa Reykjavíkur að taka byggingarleyfisumsókn vegna framkvæmda að Laugarásvegi 63 til afgreiðslu án frekari tafa.

Arnór Snæbjörnsson (sign)